

Ísafjarðarbær  
Stjórnsýsluhúsinu  
400 ÍSAFIRÐI



Reykjavík 6. nóvember 2017  
UST201710-081/M.I.K.  
08.14.00

**Efni: Upplýsingagjöf sveitarstjórna við útgáfu og endurskoðun á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs**

Umhverfisstofnun veur athygli á breytingu sem gerð var á 6. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, en greinin fjallar um svæðisáætlanir sveitarstjórna um meðhöndlun úrgangs. Breytingin tók gildi 1. júní 2017 og fólst í að svohljóðandi málsgrein var felld inn í löginn:

**„Sveitarstjórn skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um útgáfu og veigamiklar endurskoðanir á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á því formi sem stofnunin leggur til.“**

Megintilgangur lagabreytingarinnar er að tryggja að Ísland uppfylli skyldur sínar gagnvart EES-samningnum hvað varðar áætlanir um meðhöndlun úrgangs, m.a. um umfang þeirra og hvort þær uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að safna þessum upplýsingum frá sveitarstjórnunum og senda þær áfram til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Það form sem Umhverfisstofnun leggur sveitarstjórnunum til fyrir skil á upplýsingunum er rafrænt eyðublað sem fyllt er út í Þjónustugátt stofnunarinnar. Þjónustugáttina og leiðbeiningar um innskráningu má finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar, [www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is). Mikilvægt er að fylla eyðublaðið út eins ítarlega og mögulegt er þegar ný svæðisáætlun er gefin út eða hún endurskoðuð með veigamiklum hætti.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur B. Ingvarsson (sími: 591 2000; netfang: [gbi@ust.is](mailto:gbi@ust.is)).

Virðingarfyllst

*Snnjólaug Tinna Hansdóttir*  
Snnjólaug Tinna Hansdóttir  
sérfræðingur

*Guðmundur B. Ingvarsson*  
Guðmundur B. Ingvarsson  
sérfræðingur